



Reykjavíkurborg  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 11. janúar 2021  
R21010133

Borgarráð

***Erindisbréf - Starfshópur um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur***

Hjálagt erindisbréf starfshóps um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur er lagt fram til kynningar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjálagt:  
Erindisbréf starfshóps um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur, drög.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur

### Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

### Hlutverk starfshóps:

Hlutverk starfshópsins er að greina stöðuna á atvinnuhúsnæði í miðborginni með áherslu á ónýtt verslunar- og skrifstofuhúsnæði og ráðast í viðeigandi úttektir. Hópurinn leggi fram tillögur um mögulegar breytingar á aðalskipulagi og skipulagsákvæðum sem varða miðborgina og útfæri tillögur að sveigjanlegum lausnum er varða nýtingarmöguleika þeirra eigna sem um ræðir. Byggt verði m.a. á þeirri kortlagningu húsnæðis sem fór fram síðastliðið sumar á vegum Skipulagsfulltrúa.

### Helstu verkefni:

- Greina heildarmagn atvinnuhúsnæðis í 101 í fm. eftir flokkum.
- Greina magn (fm) skrifstofurýmis í 101 og breytingar á því miðað við þá uppbyggingu sem hafin er eða áform sem eru um (m.a. Alþingisreit, Landsbankann, Hafnartorg, Hafnarstræti ofl.).
- Greina og útfæra tillögur að sveigjanlegum lausnum er varða nýtingarmöguleika atvinnuhúsnæðis. Einnig verði kannaðir möguleikar á breyttri notkun mannvirkjanna, t.d. hvernig þeim megi breyta í íbúðarhúsnæði, gististaði, veitingahús eða skólabyggingar, svo eitthvað sé nefnt, í samstarfi við hlutaðeigandi fasteignaeigendur með fulla nýtingu að markmiði.
- Vinna að því að skráningu atvinnuhúsnæðis í notendaflokka Þjóðskrár sé breytt og skoða afturvirka skráningu á þeim gögnum. Í opinberri skráningu er flatarmáli verslunar- og skrifstofuhúsnæðis slegið saman í gögnum Þjóðskrár og þessar upplýsingar ekki auðfengnar úr landupplýsingagrunni. Því þarf að fara í gegnum byggingarnefndarteikningar og á vettvang til að skrá húsnæði nákvæmt og var slík vinna hafin á vegum Skipulagsfulltrúa í sumar en ekki tókst að ljúka henni. Það er brýnt að halda þeirri vinnu áfram og fá mat á stöðu atvinnuhúsnæðis í miðborginni og 101.
- Leggja fram tillögur um mögulegar breytingar á aðalskipulagi og skipulagsákvæðum sem varða miðborgina með það að markmiði að bæta nýtingu atvinnu- og skrifstofuhúsnæðis.

### Starfshópin skipa:

Tveir fulltrúar frá Umhverfis- og skipulagssviði (annar þeirra formaður)

Fulltrúi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Fulltrúi frá Samtök verslunar og þjónustu (SVP)

Félag fasteignafélaga innan SVP

Fasteignaeigendur

### Starfsmenn:

Starfsmenn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og umhverfis- og skipulagssviðs starfa með hópnum.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á einstaka viðfangsefni.

**Starfstímabil:**

Hópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir árslok 31. maí 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari